Nr. 865 12. september 2007

# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Grenivíkur 1987-2007, Grýtubakkahreppur.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. september 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grenivíkur 1987-2007 frá 25. september 1987.

Breytingin felst í því að svæði sem ætlað var fyrir reiðvöll breytist í svæði fyrir hesthús og reiðskemmu. Hámarksnýtingarhlutfall verður 0,35.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 12. september 2007.*

F. h. r.
**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Logi Kjartansson.*

B-deild – Útgáfud.: 28. september 2007